



Jafnréttisstofa

*Ársskýrsla
Jafnréttisstofu
2004*

*Jafnréttisstofa : Borgum við Norðurslóð : 600 Akureyri
Sími 460 6200 : bréfsími 460 6201 : netfang jafnretti@jafnretti.is
www.jafnretti.is*

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Formáli	3
Hlutverk og skipulag	4
Starfið 2004	5
<i>Helstu áherslumál ársins</i>	5
Formennska Íslands í Norrænu ráðherranefndinni árið 2004	5
Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna.....	5
Evrópuverkefni	5
Námskeið og fræðsla.....	5
<i>Ráðgjöf og upplýsingar</i>	6
Einstaklingsmál.....	6
Jafnréttisáætlanir	6
<i>Skýrslur og umsagnir</i>	6
Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna.....	6
CEDAW - Samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám alls misréttis gagnvart konum (Convention on the Elimination of All Kinds of Discrimination against Women).....	7
ILO – Alþjóðavinnuumálastofnunin	7
Umsagnir.....	7
<i>Nefndir og vinnuhópar</i>	8
Jafnréttisráðgjafar í Suður- og Norðausturkjördæmi -	8
Samráðshópur um jafnréttismál sveitarfélaga.....	8
Gagnabanki kvenna – Kvennaslóðir.is	8
Mannréttindaskrifstofa Íslands.....	8
<i>Málþing og opnir fundir</i>	8
5. mars - Lokaráðstefna Evrópuverkefnisins <i>Culture, Custom and Caring</i>	8
4. maí – Málþing um kynja- og jafnréttissjónarmið í norrænu samstarfi	9
11.-12. nóvember – Málþing um karla og konur á norrænum vinnumarkaði..	10
13.-14. nóvember – Ráðstefna um kynferði, umhverfi og samfélagsþróun á Norðurlóðum	10
10. desember – Fundur Jafnréttisstofu og jafnréttisnefnda sveitarfélaga	10
10. desember – Átak gegn kynbundnu ofbeldi, útifundur á Ráðshústorgi.....	11
<i>Námskeið</i>	11
<i>Verkefni</i>	11
Könnun um jafnréttisáætlanir hjá fyrirtækjum og stofnunum	11
Culture, Custom and Caring (CCC).....	12
Sports, Media and Stereotypes (SMS).....	12
Modern Men in Enlarged Europe	13
Konur kveðja, karlar eru um kyrrt	13
Velferð, karlmennska og félagslegt frumkvæði.....	13
Mælistikur á launajafnrétti.....	14
Norræn reynsla af foreldraorlofi og áhrif þess á jafnrétti karla og kvenna.....	14
<i>Útgáfa og vefsíða</i>	14
www.jafnretti.is.....	14
Rannsóknarskýrsla Culture, Custom and Caring.....	14
Sjónvarpsmynd Culture, Custom and Caring	15
Nýir drengir og nýjar stúlkur - ný uppeldisstefna?	15
Bókagreinar.....	15
<i>Kynningar í fjölmiðlum</i>	15

VERA.....	15
Fréttatilkynningar.....	15
<i>Fræðslufundir og haldin erindi.....</i>	<i>16</i>
Heimsóknir á Jafnréttisstofu	16
Fræðsla og erindi á vegum Jafnréttisstofu	16
Fundir, ráðstefnur og námskeið á vegum annarra.....	17
<i>Ráðstefnur og fundir erlendis</i>	<i>18</i>
<i>Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna.....</i>	<i>19</i>
<i>Norrænt samstarf.....</i>	<i>19</i>
ÄK-JÄM – Embættismannanefnd um jafnréttismál	19
Gender.norden.org - Vefsvæði um jafnrétti kynjanna	19
Nefnd um karla og jafnréttismál	19
Jafnlaunanefnd	19
Nefnd um kynjaða hagstjórn.....	20
NIKK – Norræna rannsóknastofnunin í kvenna- og kynjafræðum.....	20
<i>Samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna.....</i>	<i>20</i>
Nefnd um jafnréttismál	20
<i>Evrópskt samstarf.....</i>	<i>21</i>
Jafnréttisnefnd Evrópuráðsins.....	21
Ráðgjafarnefnd ESB um jafnréttismál	21
Framkvæmdanefnd ESB um jafnréttismál.....	21
EFTA vinnuhópur um jafnréttis- og fjölskyldumál	21
Daphne verkefnaáætlun ESB	21
<i>Jafnréttisráð.....</i>	<i>22</i>
<i>Kærunefnd jafnréttismála</i>	<i>22</i>

Formáli

Árið 2004 var erilsamt ár hjá Jafnréttisstofu. Ísland fór með formennsku innan Norrænu ráðherranefndarinnar og starfsemi Jafnréttisstofu var að verulegu leyti lituð af því. Í formennskuáætlun Íslands var m.a. lögð áhersla á að vinna að verkefnum er lúta að rannsóknum og aðgerðum til að draga úr kynbundnum launamun og samþættingu fjölskyldu og atvinnulífs.

Í þessari ársskýrslu er stutt yfirlit yfir öll helstu verkefni stofunnar, en af eðlilegum ástæðum er ekki unnt að gera grein fyrir öllum þeim málum sem stofan sinnir í þágu einstaklinga sem telja á sér brotið vegna kyns síns. Jafnréttisstofa veitir daglega ráðgjöf til opinberra aðila og fyrirtækja um samþættingu jafnréttis- og kynjasjónarmiða í starfi þeirra, en ekki er rúm í þessari skýrslu til að gera ítarlega grein fyrir þessu starfi.

Síðustu árin hafa einkennst af miklum umræðum um jafnréttismál í þjóðfélaginu, sem hefur án efa haft áhrif á fjölda erinda sem stofnunni bárust. Nokkur mál fengu mikla umfjöllun í fjölmiðlum á árinu 2004 og spönnuðu þær umræður mörg svið jafnréttismála. Á árinu var mikil umræða um launamun kynjanna, ráðningu í störf, þátttöku kvenna í stjórnnum á vegum hins opinbera svo og á einkamarkaði, þátttöku kvenna í stjórnámálum, ofbeldi gegn konum, konur í íþróttum og margt fleira. Stofan vill leggja sitt af mörkum til þess að ná því markmiði að jafnrétti náist á öllum sviðum samfélagsins.

Óvenju margar stórar upptökur á sviði jafnréttismála voru á árinu 2004. Nefna má norræna ráðstefnu um kvennahreyfingar sem haldin var í Reykjavík 10.-12. júní, 100 ára afmæli heimastjórnarinnar og 30 ára afmæli norræns jafnréttisstarfs. Í tilefni 30 ára afmælis norræns jafnréttisstarfs var farið yfir stöðuna og skoðað hvaða árangri við höfum náð og hvert við viljum stefna. Þegar um jafnréttismál er að ræða er mikilvægt að stöðug umræða og umfjöllun eigi sér stað á sem flestum stöðum.

Starfsfólk Jafnréttisstofu vill þakka hinum mörgu samstarfsaðilum stofunnar fyrir ánægjulegt og gott samstarf á liðnu ári. Sérstaklega ber að þakka starfsfólki félagsmálaráðuneytisins gott samstarf.

Akureyri í júlí 2005.

Margrét María Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri.

Hlutverk og skipulag

Jafnréttisstofa annast stjórnslu á sviði jafnréttismála á Íslandi í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000. Jafnréttisstofa heyrir undir yfirstjórn félagsmálaráðherra og tók formlega til starfa 15. september 2000.

Jafnréttisstofa flutti 1. október 2004 í nýtt húsnæði og er nú til húsa að Borgum við Norðurslóð sem er rannsóknarhús við Háskólann á Akureyri.

Starfsfólk Jafnréttisstofu árið 2004 var: Margrét María Sigurðardóttir framkvæmdastjóri, Anna Hallgrímsdóttir, Ingólfur V. Gíslason, Ingunn H. Bjarnadóttir, Kristján Jósteinsson, María Axkjörð og Silja Bára Ómarsdóttir. Elín Antonsdóttir, Fríða Rós Valdimarsdóttir og Gísli Hrafn Atlason störfuðu hjá stofunni í tímabundnum verkefnum á árinu 2004.

Í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hefur Jafnréttisstofa m.a. þessi verkefni með höndum, að:

- a. hafa eftirlit með framkvæmd laganna,
- b. sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi,
- c. veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, einstaklingum og félögum ráðgjöf,
- d. koma ábendingum og tillögum um aðgerðir um jafnréttismál á framfæri við félagsmálaráðherra, Jafnréttisráð og önnur stjórnvöld,
- e. auka virkni í jafnréttismálum, m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi,
- f. fylgjast með þjóðfélagsþróuninni í jafnréttismálum, m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknum,
- g. veita jafnréttisnefndum, jafnréttisráðgjöfum og jafnréttisfulltrúum sveitarfélaga, stofnanna og fyrirtækja aðstoð,
- h. vinna önnur verkefni í samræmi við markmið og gildissvið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra

Sérstaklega er tekið fram í lögnum að opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum sé skylt að veita Jafnréttisstofu hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar.

Jafnréttisstofa hefur heimild til málshöfðunar á grundvelli álita kærunefndar jafnréttismála, en nánar er kveðið á um framkvæmd hennar í reglugerð fyrir starfsemi stofunnar, sem samþykkt var í ársþyrjun 2003.

Starfið 2004

Helstu áherslumál ársins

Formennska Íslands í Norrænu ráðherranefndinni árið 2004

Innan Norrænu ráðherranefndarinnar er unnið öflugt jafnréttisstarf sem hefur umtalsverð áhrif á jafnréttisstarf á Norðurlöndunum. Ísland gegndi formennsku innan Norrænu ráðherranefndarinnar árið 2004 og lagði í formennskutíðinni áherslu á að vinna gegn launamun kynjanna og að gerð verði könnun á reynslu norrænna foreldra af töku fæðingarorlofs, einkum með tilliti til fæðingarorlofs fedra, en á þessu sviði hefur Ísland sérstöðu á Norðurlöndunum. Þess var sérstaklega minnst að 30 ár voru frá því að norræn ráðherranefnd á sviði jafnréttismála var stofnuð. Ráðstefna var haldin í tilefni þessa á árinu ásamt fleiri atburðum.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 ber félagsmálaráðherra að leggja fram tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum eigi síðar en ári eftir alþingiskosningar. Jafnréttisstofa vann á árinu drög að nýrri framkvæmdaáætlun og félagsmálaráðherra lagði þingsályktunartillögu fyrir Alþingi í byrjun apríl 2004. Þingsályktunartillagan hlaut einróma samþykki þingheims á síðasta starfsdegi Alþingis vorið 2004.

Evrópuverkefni

Á undanförunum árum hefur Jafnréttisstofa tekið þátt í margvíslegum fjölþjóðlegum verkefnum innan ramma Jafnréttisáætlunar Evrópusambandsins (ESB). Á árinu 2004 lauk stóru verkefni sem stofan leiddi og nýtt verkefni hófst í lok ársins. Í mars var haldin lokaráðstefna Evrópuverkefnisins *Culture, Custom and Caring* og í maí hófst vinna við gerð umsóknar að nýju stóru samstarfsverkefni. Jafnréttisáætlun ESB kallaði eftir verkefnum sem myndu hvetja til breytinga á hlutverkum kynjanna og yfirvinna staðalímyndir kynjanna. Umsóknin, sem starfsfólk Jafnréttisstofu vann, var samþykkt og hófst verkefnið formlega 1. nóvember 2004. Verkefnið hefur titilinn *Sports, Media and Stereotypes* eða *Íþróttir, fjölmiðlar og staðalímyndir*. Nánar er sagt frá Evrópuverkefnum annarsstaðar í skýrslunni.

Námskeið og fræðsla

Jafnréttisstofa hélt fjögur námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir á árinu 2004. Stofan auglýsti eftir þátttakendum og hélt námskeið á Egilsstöðum, Akureyri og í Reykjavík á haustmánuðum. Námskeið var haldið fyrir starfsfólk Vegagerðarinnar í september. Einnig hélt starfsfólk stofunnar fræðsluerindi víða á árinu og er gerð grein fyrir því annarsstaðar í skýrslunni.

Ráðgjöf og upplýsingar

Til Jafnréttisstofu geta einstaklingar, félög, fyrirtæki, stofnanir og stjórnvöld leitað eftir ráðgjöf um málefni sem varða jafnrétti kynjanna. Þeim sem nota þessa þjónustu fjölgar í hlutfalli við aukna vitund þjóðarinnar um jafnréttismál og vitund um þjónustu Jafnréttisstofu.

Einstaklingsmál

Jafnréttisstofa veitir bæði félagslega og lagalega ráðgjöf til einstaklinga. Flest af þeim málum sem stofunni berast eru einstaklingsmál. Jafnréttisstofa hefur markað sér þá stefnu að reyna ávallt að leysa málin með ráðgjöf um réttarstöðu þeirra einstaklinga sem leita til stofnunnar. Stofan tekur einnig stundum að sér að ræða við eða eiga bréfaskipti við það fyrirtæki eða þá stofnun sem talin er hafa brotið gegn viðkomandi einstaklingi á grundvelli laganna. Í flestum tilvikum leysast málin á þennan hátt, en ef ekki eða ef viðkomandi einstaklingur telur mikilvægt að fá álit kærunefndar, þá aðstoðar stofan við undirbúning kæru. Greina má töluverða aukningu á fjölda erinda sem berast stofunni milli ára og eflaust má þakka það því að Jafnréttisstofa hefur fest sig í sessi sem stjórnsýslu- og ráðgjafaraðili um málefni er varðar jafnrétti kynjanna.

Jafnréttisáætlanir

Jafnréttisstofa veitir ráðgjöf til fyrirtækja og stofnana við gerð jafnréttisáætlana, en samkvæmt 13. gr. laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla (nr. 96/2000) ber fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni.

Mjög hefur færst í vöxt að fyrirtæki og stofnanir leiti til stofnunnar við gerð jafnréttisáætlana, sérstaklega í kjölfar könnunar sem Jafnréttisstofa og félagsmálaráðuneytið stóðu að í maí 2004 og sagt er frá annars staðar í skýrslunni.

Skýrslur og umsagnir

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til að ná fram jafnrétti kynjanna

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 ber félagsmálaráðherra að leggja fram tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum eigi síðar en ári eftir alþingiskosningar. Undirbúningur vegna áætlunar ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir árin 2004-2008 hófst í árslok 2003, með fundi fulltrúa Jafnréttisstofu með jafnréttisfulltrúum ráðuneytanna. Annar slíkur fundur var svo haldinn í janúar 2004, þar sem farið var yfir tillögur ráðuneytanna að verkefnum á sínum sviðum. Hópurinn gerði þá tillögu að breyta framsetningu áætlunarinnar, þannig að meiri gaumur yrði gefinn að verkefnum, ábyrgðaraðili yrði tilgreindur fyrir hvert og eitt verkefni, auk þess sem farið var fram á áætlaðan kostnað og framkvæmdatíma fyrir hvert verkefni fyrir sig.

Jafnréttisstofa vann drög að framkvæmdaáætluninni, en félagsmálaráðherra lagði þingsályktunartillögu sína fyrir Alþingi í byrjun apríl 2004. Tillagan hlaut umfjöllun félagsmálanefndar í byrjun maí, en þar ræddu ýmsir aðilar vinnumarkaðarins, fulltrúi Jafnréttisstofu og nokkrir jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna verkefnið við nefndarfólk. Þingsályktunartillagan hlaut einróma samþykki þingheims á síðasta starfsdegi Alþingis vorið 2004. Á svipuðum tíma var einnig lögð fram skýrsla um afrakstur fyrri framkvæmdaáætlunar, en bæði þessi skjöl má sjá á vef Alþingis.

CEDAW - Samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám alls misréttis gagnvart konum (Convention on the Elimination of All Kinds of Discrimination against Women).

Ísland er aðili að CEDAW-samningnum, og ber að gera sérfræðinganefnd sem sér fyrir hönd Sameinuðu þjóðanna um eftirfylgni samningsins, grein fyrir stöðu jafnréttismála í landinu á fjögurra ára fresti. Jafnréttisstofa vann á árinu drög að skýrslu Íslands vegna til sérfræðinganefndar Sameinuðu þjóðanna um stöðu kvenna (Commission on the Status of Women).

ILO – Alþjóðavinnuáætlunin

Íslenskum stjórnvöldum berast reglulega erindi frá Alþjóða vinnuáætluninni, ILO (International Labour Organisation), þar sem m.a. er óskað upplýsinga um stöðu jafnréttismála. Árið 2004 bárust engar fyrirspurnir frá ILO.

Umsagnir

Jafnréttisstofa veitti umsögn um eftirtalin lagafrumvörp og þingsályktanir á árinu 2004:

Dags.	Frumvarp
8/12 03	Frumvarp til laga um breyting á lögum réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. nr.70/1996, með síðari breytingum 307.mál, uppsögn. Frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum, nr.19/1940 með síðari breytingum. 38.mál, vændi.
17/11 03	Tillaga til þingsályktunar um atvinnulýðræði. 271.mál.
1/3 04	Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir gegn fátækt, 21.mál.
1/3 04	Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 257.mál, úrskurðir kærunefndar.
22/3 04	Frumvarp til laga umbreytingu á lögun nr.96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla 565.mál, upplýsingaskylda, málshöfðunarheimild.
6/4 04	Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.95/2000 um tryggingagjald, með síðari breytingum o.fl. 855.mál.
13/5 04	Tillaga til þingsályktunar um bætt starfsumhverfi fyrir kvannahreyfinguna á Íslandi, 199.mál. Frumvarp til laga um fórnarlamba og vitnavernd,13.mál.
17/11 04	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar-og foreldraorlof, nr.95/2000, með síðari breytingum, mál 22 orlofslaun.
8/6 2004	Bréf frá Jóhönnu Sigurðardóttur f.h.þingflokki Samfylkingar vegna skýrslu Ríkisendurskoðunar varðandi viðbótarlaun sem dagsett er í maí 2004.

Nefndir og vinnuhópar

Jafnréttisráðgjafar í Suður- og Norðausturkjördæmi -

Árið 2004 voru starfandi jafnréttisráðgjafar á vegum félagsmálaráðuneytisins og Byggðastofnunar í Suður- og Norðausturkjördæmum. Þetta verkefni mun standa til ársins 2005. Margrét María Sigurðardóttir átti sæti í ráðgjafarnefnd vegna verkefnisins árið 2004. Í lok ársins 2004 lauk starfstímabili jafnréttisráðgjafa í Norðausturkjördæmi og árið 2005 er eingöngu starfandi jafnréttisráðgjafi í Suðurkjördæmi.

Samráðshópur um jafnréttismál sveitarfélaga

Í samráðshóp um jafnréttismál sveitarfélaga er fulltrúi frá Jafnréttisstofu, fulltrúi frá jafnréttisnefndum sveitarfélaga, Sviðsstjóri þróunarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, ásamt þeim jafnréttisráðgjöfum sem eru starfandi hjá sveitarfélögum. Þessi sveitarfélög eru Akureyri, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjanesbær og Reykjavík. Meginhlutverk hópsins er að undirbúa Landsfundi jafnréttisnefnda einu sinni á ári, í samvinnu við Jafnréttisstofu og það sveitarfélag sem heldur fundinn. Fulltrúi Jafnréttisstofu í hópnum árið 2004 var Kristján Jósteysson.

Gagnabanki kvenna – Kvennaslóðir.is

Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, jafnréttisnefnd Háskóla Íslands, Kvennasögusafn Íslands og Jafnréttisstofa hafa með sér samstarf um kvennagagnabanka. Kvennagagnabankinn www.kvennaslodir.is varð aðgengilegur á netinu árið 2003. Bankinn hefur að geyma nöfn kvensérfræðinga á öllum sviðum þjóðlífsins. Markmið vefsins er að gera þekkingu og hæfni kvenna sýnilega og aðgengilega, þannig að t.a.m. fjölmiðlar, fyrirtæki og stjórnvöld geti fundið hæfar konur til margvíslegra starfa á fljótvirkan hátt. Verkefnið lá niðri að mestu árið 2004, en nú er unnið er að því að tryggja fjármögnun gagnabankans.

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Jafnréttisstofa á aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands. Árið 2004 sat Kristján Jósteysson í stjórn skrifstofunnar fyrir hönd Jafnréttisstofu. Varamaður hans var Margrét María Sigurðardóttir.

Málþing og opnir fundir

5. mars - Lokaráðstefna Evrópuverkefnisins *Culture, Custom and Caring*

Evrópuverkefninu *Culture, Custom and Caring* lauk á árinu og þann 5. mars var haldin lokaráðstefna þar sem niðurstöður verkefnisins voru kynntar. Ráðstefnan, sem var öllum opin, var haldin á Hótel KEA og sóttu hana allir innlendir og erlendir samstarfsaðilar verkefnisins ásamt fjölda annarra. Nánari upplýsingar um ráðstefnuna má finna á heimasíðu verkefnisins: <http://www.jafnretti.is/caring/>



1. mynd. Frá lokaráðstefnu verkefnisins *Culture, Custom and Caring*: F.h. Gyða Margrét Pétursdóttir, Antonia Griese, Elín Antonsdóttir, Kjartan Ólafsson, Þorgerður Einarsdóttir, Elin Kvande, Berit Brandth, Julia Kemper.

8. mars – Hvernig aukum við jafnrétti á vinnumarkaði. Fundur í tilefni alþjóðlegs baráttudags kvenna

Jafnréttisstofa, ASÍ, BHM, BSRB, KÍ, KRFÍ, SÍB, Jafnréttisnefnd Reykjavíkurborgar, Jafnréttisráð og Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum við HÍ, stóðu fyrir fundi um jafnrétti á vinnumarkaði á alþjóðlegum barráttudegi kvenna 8. mars. Á fundinum fluttu erindi: Sigríður Lillý Baldursdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu, Atli Gíslason hæstaréttarlögmaður og Stefanía Óskarsdóttir, stjórn málafræðingur.

4. maí – Málþing um kynja- og jafnréttissjónarmið í norrænu samstarfi

Jafnréttisstofa hélt málþing um kynja- og jafnréttissjónarmið í norrænu samstarfi þann 4. maí 2004. Málþingið var liður í því að Íslendingar, undir yfirskriftinni Auðlindir Norðurlanda, leiddu norrænt samstarf á árinu 2004. Árni Magnússon, ráðherra félags- og jafnréttismála setti þingið. Meðal fyrirlesara voru Siv Friðleifsdóttir, samstarfsráðherra Norðurlanda, Sigurður Helgason, aðstoðarframkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar, Ingólfur V. Gíslason, félagsfræðingur hjá Jafnréttisstofu og Siv Hellén, yfirlögfræðingur, Norræna fjárfestingarbankanum. Fundarstjóri þingsins var Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri Norræna fjárfestingabankans. Í framhaldi af þinginu var menningardagskrár og móttaka í Listasafni Akureyrar, en þar stóð yfir sýningin *Allar heimsins konur*.



2. mynd. Frá ráðstefnu um kynja- og jafnréttissjónarmið í norrænu samstarfi: Jón Sigurðsson fundarstjóri og Lise Busk-Jensen, Siv Friðleifsdóttir, Sigurður Helgason, Rachael Johnstone og Siv Hellén.

11.-12. nóvember – Málþing um karla og konur á norrænum vinnumarkaði

Jafnréttisstofa stóð fyrir tveggja daga málþingi í Reykjavík í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina um karla og konur á norrænum vinnumarkaði. Fyrri dag málþingsins var sjónum sérstaklega beint að körlum í svokölluðum kvennastörfum en seinni daginn var horft víðar á kynjaskiptingu hins norræna vinnumarkaðar. Fjöldi innlendra og erlendra sérfræðinga fluttu erindi á málþinginu og eru þau aðgengileg á heimasíðu Jafnréttisstofu á slóðinni: www.jafnretti.is/gogn/radstefnur/norraenn_vinumarkadur/norraenn_vinumarkadur.htm

13.-14. nóvember – Ráðstefna um kynferði, umhverfi og samfélagsþróun á Norðurslóðum

Jafnréttisstofa, í samvinnu við ýmsa aðila, stóð fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um kynferði, umhverfi og samfélagsþróun. Ráðstefnan, var styrkt af Norrænu ráðherranefndinni og norrænni embættismannanefnd á sviði jafnréttismála. Akureyrarbær og Háskólinn á Akureyri styrktu einnig ráðstefnuna.

Fjórar málstofur voru á ráðstefnunni, en þær fjölluðu um 1) Konur og ákvarðanatöku; 2) Kynbundið ofbeldi; 3) Vinnumarkað og búsetuskilyrði, og; 4) Umhverfismál. Þátttakendur voru frá Kanada, Grænlandi, Noregi, Færeyjum, Finnlandi og Íslandi, samtals um 50 talsins. Nemendum í Norðurslóðafræðum við Háskólann á Akureyri var sérstaklega boðið á ráðstefnuna, og tóku nokkrir þeirra virkan þátt í henni. Erindin sem haldin voru á ráðstefnunni eru aðgengileg á heimasíðu Jafnréttisstofu á slóðinni: www.jafnretti.is/gogn/radstefnur/Gender_Environment/ge_registration.htm

10. desember – Fundur Jafnréttisstofu og jafnréttisnefnda sveitarfélaga

Samkvæmt 8. grein reglugerðar um starfsemi Jafnréttisstofu (nr. 47/2003) skal framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu árlega boða fulltrúa jafnréttisnefnda sveitarfélaga til fundar þar sem farið er yfir framgang mála á þeim sviðum er varða jafnrétti kvenna og karla hjá sveitarfélögunum. Þann 10. desember var boðað til fundar Jafnréttisstofu og jafnréttisnefnda sveitarfélaga í húsakynnum Jafnréttisstofu á Akureyri. Á fundinum kynntu fulltrúar sveitarfélaga starf sitt

á sviði jafnréttismála. Katrín Björg Ríkarðsdóttir, jafnréttisráðgjafi Akureyrarbæjar, kynnti hugmynd að jafnréttisvog sem tæki til að mæla árangur sveitarfélaga í jafnréttismálum. Margrét María Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, hélt erindi um skyldur sveitarfélaga samkvæmt jafnréttislögum og Silja Bára Ómarsdóttir, sviðsstjóri á Jafnréttisstofu, sagði frá því sem var á döfni hjá stofunni.

10. desember – Átak gegn kynbundnu ofbeldi, útifundur á Ráðshústorgi.

Í tilefni af alþjóðlegu 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi tók Jafnréttisstofa, ásamt fjölda félagasamtaka og stofnanna, þátt í að skipuleggja útifund á Ráðshústorginu á Akureyri, föstudaginn 10. desember 2004. Margrét Heinreksdóttir, lektor við Félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri, flutti ávarp, Pálmi Gunnarsson, tónlistarmaður, stýrði fjöldasöng og kveikt var á kertum fyrir fórnarlömb kynbundins ofbeldis.

Námskeið

Jafnréttisstofa hélt fjögur námskeið um jafnréttisstarf fyrir fyrirtæki og stofnanir á árinu 2004. Á haustdögum auglýsti stofan eftir þátttakendum og hélt námskeið á Egilsstöðum, Akureyri og í Reykjavík. Í september var haldið sérþantað námskeið fyrir starfsfólk Vegagerðarinnar. Alls sóttu námskeiðin 58 einstaklingar.

Námskeiðið sem Jafnréttisstofa býður upp á er u.þ.b. fjórar klukkustundir að lengd og fjallað er um jafnréttisstarf í víðu samhengi s.s. jafnréttislögin, aðferðafræði við samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða og gerð jafnréttisáætlana. Námskeiðið er bæði í formi fyrirlestra og verkefnavinnu.

Verkefni

Könnun um jafnréttisáætlanir hjá fyrirtækjum og stofnunum

Samkvæmt 13. gr. laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla (nr. 96/2000) ber fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu sinni.

Í byrjun apríl 2004 bað Jafnréttisstofa jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna um að kanna það hvort jafnréttisáætlanir hefðu verið settar í undirstofnunum ráðuneytanna. Dræm svörun var við þessari fyrirspurn, en í kjölfarið sendu félagsmálaráðherra og framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu bréf til allra fyrirtækja og stofnana í landinu, með fleiri starfsmenn en 25, og báðu þessa aðila að svara könnun um jafnréttisáætlanir. Könnuninni var svarað rafrænt á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins.

Alls voru send bréf til 887 fyrirtækja og stofnana en aðeins 146 aðilar svöruðu könnuninni, sem er aðeins um 16,5% svarhlutfall. Af þeim sem svöruðu höfðu

um 61% jafnréttisáætlun eða kveða á um jafnréttismál í starfsmannastefnu. Þar sem svörunin við könnuninni var mjög dræm er stefnt að því að endurtaka hana á næstunni.

Culture, Custom and Caring (CCC)

Í mars árið 2004 lauk 15 mánaða Evrópuverkefni sem Jafnréttisstofa stýrði. Verkefnið hét *Culture, Custom and Caring – men's and women's possibilities to parental leave* eða *Menning, umgjörð og umhyggja – möguleikar karla og kvenna til foreldraorlofs*. Erlendir samstarfsaðilar voru stofnanir í Þýskalandi, Spáni og Noregi. Samstarfsstofnanir á Íslandi voru Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands og Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, auk verktaka sem sáu um gerð sjónvarpsmyndar og heimasíðu fyrir verkefnið. Tilgangur verkefnisins var að skoða samspil kynjahlutverka, menningar og siðvenja, laga og reglugerða, og hvernig þessir þættir hindra eða auka möguleika kvenna og karla til að vinna saman að uppeldi barna sinna. Sérstaklega var horft til fæðingar- og foreldraorlofsreglna og nýtingu annars vegar kvenna og hins vegar karla á þeim réttindum sem í hverju landi bjóðast.

Gerðar voru viðtalsrannsóknir í öllum samstarfslöndum og rannsóknarskýrsla var unnin af Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum. Skýrsluna má finna á heimasíðu verkefnisins <http://caring.jafnretti.is/>. Einnig var gerð sjónvarpsmynd um möguleika og aðstæður foreldra í fæðingarorlofi í öllum þáttökulöndunum. Fyrirtækið Samver hf. sá um gerð myndarinnar en handritshöfundur var Margrét Jónasdóttir. Elín Antonsdóttir var verkefnisstjóri verkefnisins. Í mars var haldin lokaráðstefna verkefnisins á Hótel KEA á Akureyri. Nánar er sagt frá ráðstefnunni annarsstaðar í skýrslunni.

Sports, Media and Stereotypes (SMS)

Jafnréttisstofa hafði í maí 2004 forgöngu um að sækja um styrk til samstarfsverkefnis undir jafnréttisáætlun ESB. Verkefnið fjallar um staðalímyndir kynjanna í íþróttum og íþróttufréttum og ber heitið *Sports, Media and Stereotypes – women and men in sports and media* eða *Íþróttir, fjölmiðlar og staðalímyndir- konur og karlar í íþróttum og fjölmiðlum*. Verkefnið var samþykkt og hlaut stofan 23ja milljóna króna styrk, sem fjármagnar um 80% af kostnaði verkefnisins. Einnig hefur stofan fengið styrkloforð vegna verkefnisins frá menntamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands og Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri.

Verkefnið hófst 1. nóvember 2004 og stendur í 15 mánuði. Samstarfsaðilar koma frá Noregi, Austurríki, Litháen og Ítalíu. Samstarfsaðilar á Íslandi eru Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, Námsbraut í fjölmiðlafræði við Félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri, Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, Samtök íþróttafréttamanna og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands.

Í verkefninu verður gerð rannsókn í fimm Evrópulöndum á staðalímyndum og endurspeglun kynjanna í íþróttum og íþróttufréttum. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri stýrir rannsókninni og annast íslenska hluta hennar. Niðurstöður rannsóknarinnar verða notaðar til að hanna fræðsluefni fyrir

íþróttافرéttamenn, íþróttakennara og þjálfara, sem verður gefið út á margmiðlunarformi. Markmið fræðsluefnisins verður að hvetja til breytinga á birtingamyndum kynjanna í íþróttum og íþróttufréttum með því að auka meðvitund um áhrif einsletrar endurspeglunar af íþróttakonum og körlum. Námsbraut í fjölmiðlafræði við Félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri mun vinna að gerð fræðsluefnisins.

Innan verkefnisins starfar ráðgjafahópur skipaður fulltrúum frá íþróttahreyfingu og íþróttufréttariturum í hverju þáttökulandi. Hlutverk hópsins er álitsgjöf og ráðgjöf um þróun rannsóknar og fræðsluefnis. Fulltrúar Íslands í þessum hópi eru Samúel Örn Erlingsson fyrir hönd Samtaka íþróttافرéttamanna og Krístrún Heimisdóttir fyrir hönd Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Verkefnisstjóri SMS-verkefnisins er Ingunn H. Bjarnadóttir. Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á heimasíðunni: www.jafnretti.is/sms.

Modern Men in Enlarged Europe

Jafnréttisstofa er þátttakandi í evrópsku verkefni sem ber heitið *Modern Men in Enlarged Europe*. Umboðsmaður jafnréttismála í Litháen leiðir verkefnið en önnur þáttökuríki eru Malta og Danmörk. Verkefnið snýr að leiðum til að auka þátttöku karla í umönnun barna með því að þeir nýti sér möguleika sína til töku fæðingarorlofs. Í öllum löndunum eru tekin viðtöl við karla sem eru eða hafa verið í orlofi og auk þess við stjórnendur á vinnustöðum eða stjórnmalámennt. Á Íslandi er rætt við 15 feður og 10 atvinnurekendur um reynslu þeirra. Verkefninu lýkur með ráðstefnu í Litháen 10. og 11. nóvember 2005 en auk skýrslu fyrir hvert land verður gefin út sameiginleg skýrsla. Heimasíða verkefnisins er: www.dadcomehome.org.

Konur kveðja, karlar eru um kyrrt

Jafnréttisstofa og Byggðarannsóknastofnun Íslands taka þátt í norrænu samstarfsverkefni *Kvinner reiser, menn blir* eða *Konur kveðja, karlar eru um kyrrt* ásamt stofnunum í Svíþjóð, Noregi, Finnlandi, Færeyjum og Grænlandi. Rannsókuð eru kynbundin áhrif norræna velferðarkerfisins og breytinga á vinnumarkaði á þéttbýli og hinar dreifðu byggðir, brottflutning úr dreifbýli í þéttbýli, auk áhrifa á stöðu, hlutverk og samskipti kvenna og karla á viðkomandi svæðum. Verkefnið beinist að norðursvæðum þ.e. Norrbotten í Svíþjóð, Finnmerkur- og Tromsfylkjum í Noregi, Lapplandi í Finnlandi, öllu Íslandi, Færeyjum og Grænlandi. Verkefnið nær til áranna 2002-2004. Á árinu 2003 fóru fram viðtöl á nokkrum svæðum á Íslandi og greining þeirra hófst. Verkefninu lauk á árinu með skýrslu og er reiknað með að hún birtist ásamt öðrum skýrslum verkefnisins í bókaformi árið 2005. Ingólfur V. Gíslason vann að verkefninu fyrir hönd Jafnréttisstofu.

Velferð, karlmennska og félagslegt frumkvæði

Jafnréttisstofa tekur þátt í norræna verkefninu *Welfare, masculinity and social innovation* eða *Velferð, karlmennska og félagslegt frumkvæði* sem unnið er í samstarfi við kynjafræðinga á Norðurlöndunum, en auk þess tengist verkefnið samevrópskum rannsóknum. Hið flókna samspil félagslegs frumkvæðis í atvinnulífinu og innan fjölskyldna er skoðað auk tengsla þess við breytingar á

stöðu kynjanna og hugmynda um karlmennsku. Verkefnið byggir á átta undirránsóknum sem unnar eru á Norðurlöndunum fimm og nær verkefnið yfir tímabilið 2002 til 2005. Hérlandis verður sjónum sérstaklega beint að þeim körlum sem nýtt hafa meira en sinn afmarkaða hluta af fæðingarorlofinu. Leitað verður svara við því af hverju þeir geri það, hvort þeir séu einnig frumkvöðlar á öðrum sviðum og hvaða augum þeir líti stöðu sína í breyttu samfélagi. Á árinu 2003 hófust viðtöl og greining þeirra. Þeim þætti verkefnisins lauk haustið 2004 og er reiknað með að endanleg skýrsla líti dagsins ljós árið 2005. Ingólfur V. Gíslason sérfræðingur á Jafnréttisstofu annaðist rannsóknirnar hérlandis.

Mælistikur á launajafnrétti

Jafnréttisstofa tekur þátt í norræna verkefninu *På spåret av likalön* eða *Mælistikur á launajafnrétti* en Ísland hafði frumkvæði að verkefninu innan Norrænu ráðherranefndarinnar og var það í formennskuáætlun Íslands í jafnréttismálum árið 2004. Meginmarkmið verkefnisins er að gera norrænar tölfræðiupplýsingar skýrari þannig að þær gefi betri mynd af orsökum kynbundins launamunar og verði samanburðarhæfar milli landa. Gerð verður greining á tölfræðiupplýsingum um laun karla og kvenna á Norðurlöndum og settar fram tillögur að úrbótum meðal annars varðandi samræmingu skilgreininga og mælikvarða á kynbundinn launamun. Tillögurnar verða unnar í samstafi við norræna sérfræðinga með hliðsjón af starfi sérfræðingahópa Evrópusambandsins á þessu sviði. Jafnframt verða tekin saman gögn um skilvirkustu aðferðirnar (best practices) til að draga úr kynbundnum launamun. Verkefnisstjóri er Dr. Lilja Mósesdóttir, prófessor við Viðskiptaháskólann á Bifröst. Jafnréttisstofa sér um umsýslu verkefnisins.

Norræn reynsla af foreldraorlofi og áhrif þess á jafnrétti karla og kvenna

Jafnréttisstofa vann að norræna verkefninu *Nordiska erfaringar av föräldraorlov och dess innverkan på likestilling mellan kvinnor og män* eða *Norræn reynsla af foreldraorlofi og áhrif þess á jafnrétti karla og kvenna*. Markmið verkefnisins er að leita svara við því hvernig löggjöf á Norðurlöndum um fæðingar- og foreldraorlof hefur þróast og hvaða áhrif hún hefur haft á þessum sviðum. Ingólfur V. Gíslason hefur yfirumsjón með verkefninu.

Útgáfa og vefsíða

www.jafnretti.is

Reglulega eru birtar fréttir og upplýsingar á vefsíðu Jafnréttisstofu www.jafnretti.is

Rannsóknarskýrsla Culture, Custom and Caring

Á vegum Evrópuverkefnisins *Culture, Custom and Caring* var gefin út rannsóknarskýrsla sem unnin var af Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við HÍ. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðunni: <http://caring.jafnretti.is/>

Sjónvarpsmynd Culture, Custom and Caring

Á vegum Evrópuverkefnisins *Culture, Custom and Caring* var framleidd sjónvarpsmynd um möguleika og aðstæður foreldra í fæðingarorlofi á Íslandi, Þýskalandi, Spáni og í Noregi. Myndin hefur verið afhent Ríkissjónvarpinu sem mun taka hana til sýningar og dreifa til Evrópulanda.

Nýir drengir og nýjar stúlkur - ný uppeldisstefna?

Ingólfur V. Gíslason starfsmaður Jafnréttisstofu þýddi bókina: *Nýir drengir og nýjar stúlkur - ný uppeldisstefna?* eftir Ole Bredersen. Bókina má nálgast á heimasíðu Jafnréttisstofu.

http://www.jafnretti.is/gogn/utgefid/Ny_uppeldisfraedi.pdf

Bókagreinar

Ingólfur V. Gíslason skrifaði á árinu tvær greinar um jafnréttismál sem birtust sem greinar í eftirfarandi bókum.

- "Dómar í forsjárdeilum." Úlfar Hauksson (ritstj.): Rannsóknir í félagsvísindum V. Reykjavík. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Háskólaútgáfan.
- "Ísländsk revolution." Ulrika Lorentzi (ritstj.): Vems valfrihet? Stokkhólmur. Agora.

Kynningar í fjölmiðlum

Áhersla hefur verið lögð á kynningar og auglýsingar í fjölmiðlum þegar við hefur átt. Nokkur fjöldi viðtala við starfsfólk stofunnar hefur birst í dagblöðum, tímaritum, útvarpi og sjónvarpi auk þess sem starfsfólk hefur ritað greinar um ýmis mál tengd jafnrétti kynjanna.

VERA

Jafnréttisstofa hefur til umráða opnu í hverju blaði af VERU auk auglýsinga. Á árinu 2004 var fjallað um ýmis málefni og greint frá því sem efst var á baugi hjá Jafnréttisstofu hverju sinni. Stofan fékk einnig eintök af VERU til þess að dreifa á námskeiðum og víðar.

Fréttatilkynningar

- 16. apríl – Jafnréttisstofa sendi frá sér fréttatilkynningu þar sem bókun í nýjum kjarasamninga Rafiðnaðarsambandsins, um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs var fagnað.
- 29. apríl – Jafnréttisstofa sendi frá sér fréttatilkynningu í tilefni af grein sem Félag ábyrgra feðra skrifaði og varðaði stofuna.
- 19. júlí – Jafnréttisstofa sendi frá sér fréttatilkynningu í tilefni af því að Knattspyrnusamband Íslands og Landsbanki Íslands ákváðu að jafna skiptingu verðlaunafjár í Landsbankadeildum kvenna og karla í knattspyrnu.
- 15. nóvember – Jafnréttisstofa sendi frá sér fréttatilkynningu um upphaf Evrópuverkefnisins *Sports, Media and Stereotypes - SMS*.

Fræðslufundir og haldin erindi

Heimsóknir á Jafnréttisstofu

Ýmsir aðilar sóttu Jafnréttisstofu heim á síðasta ári, jafnt erlendir gestir sem innlendir. Hér er listi yfir heimsóknir á stofuna árið 2004:

- Félagsmálaráðherra í janúar.
- Fulltrúar frá skrifstofu atvinnu- og jafnréttismála í félagsmálaráðuneytinu í janúar.
- Jafnréttisráðgjafar sveitarfélaga, 23. janúar
- Fulltrúar frá bandaríska sendiráðinu, 11. febrúar.
- Sendinefnd frá Litháen, 22. mars. Fulltrúar frá Center for Equality Advancement og skrifstofu umboðsmanns jafnréttismála.
- Forysta Vinstri Grænna, 22. mars.
- Jafnréttis- og fjölskyldunefnd Akureyrarbæjar, 25. maí.
- Arnbjörg Sveinsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi, 24. júní.
- Fanný Gunnarsdóttir, formaður Jafnréttisráðs, 26. júlí.
- Jafnréttisráð, 8. október.
- Sendinefnd frá Malaví, 2. desember.
- Jafnréttisnefndir sveitarfélaga funduðu með starfsfólki Jafnréttisstofu, 10. desember.

Fræðsla og erindi á vegum Jafnréttisstofu

Starfsfólk Jafnréttisstofu heldur á hverju ári fjölda erinda um jafnrétti kynjanna á margvíslegum vettvangi. Árið 2004 hélt starfsfólk stofunnar m.a. eftirtalin erindi:

- Félagsvísindatorg Háskólans á Akureyri. Klámvæðing almennarýmis. Kristján Jósteinsson, 14. janúar 2004.
- Lögfræðitorg Háskólans á Akureyri. Jafnréttislögin. Margrét María Sigurðardóttir, 27. janúar 2004
- Pabbakvöld karlahóps Femínistafélagsins á Grand Rokk. Fyrirlestur um stöðu feðra. Ingólfur V. Gíslason, 28. janúar.
- Málþing sænska Handels- och tjänstemannförbundet “Pappa kom hem” í Stokkhólmi. Fyrirlesturinn “Så fick vi hem papporna”. Ingólfur V. Gíslason, 25. febrúar.
- Starfsmannafundur Eddu – útgáfu. Fyrirlestur um breytingar á stöðu kynjanna á Íslandi síðustu áratugi. Ingólfur V. Gíslason, 23. mars.
- Fundur Evrópuverkefnisins GECel í Tallinn. Fyrirlesturinn “What’s in it for men? Why are men stakeholders in the process of gender mainstreaming?” Ingólfur V. Gíslason, 27. mars.
- Námsstefna Pfizer-fyrirtækisins. Fyrirlestur um heilsuhegðun karla. Ingólfur V. Gíslason, 2. apríl.
- Sparisjóðabankinn. Fyrirlestur um breytingar á stöðu kynjanna á Íslandi síðustu áratugi. Ingólfur V. Gíslason, 21. apríl.
- Félagsvísindatorg Háskólans á Akureyri. Fyrirlestur um femínískar aðferðir í alþjóðastjórnámálum. Silja Bára Ómarsdóttir, 28. apríl.

- Málþing um kynja- og jafnréttissjónarmið í norrænu samstarfi. Fyrirlestur um “Mannen som norm.” Ingólfur V. Gíslason, 4. maí.
- Almennur fundur Félags ábyrgra feðra. Fyrirlestur um stöðu íslenskra karla. Ingólfur V. Gíslason, 15. maí.
- Kynningarfundur fyrir starfsmenn sænska jafnréttisráðuneytisins í Norræna húsinu. Fyrirlestur um “Föräldraledigheten och papporna.” Ingólfur V. Gíslason, 10. júní.
- Afmælisfundur Mannréttindaskrifstofu Íslands. Kynning á Jafnréttisstofu. Ingólfur V. Gíslason, 16. júní.
- Fundur norræna embættis- og stjórnámálanna á Ísafirði um byggðaþróun. Fyrirlestur um verkefnið *Konur fara, karlar eru um kyrrt*. Ingólfur V. Gíslason, 22. júní.
- Opnun Nordic Forum í Finnlandi. Ávarp Sivjar Friðleifsdóttur. Margrét María Sigurðardóttir flutti ávarpið í fjarveru Sivjar, 12.-13. ágúst 2004.
- Nordic Forum í Finnlandi. Fyrirlestur um fjölskylduábyrgð. Margrét María Sigurðardóttir, 12. ágúst
- Nordic Forum í Finnlandi. Vinnustofa um fæðingar og foreldraorlof í samstarfi við félagsmálaráðuneytið. Margrét María Sigurðardóttir, 12-13. ágúst.
- Fundur norræna ráðherra jafnréttismála. Fyrirlestur um reynslu Íslendinga af fæðingar- og foreldraorlofslögum. Ingólfur V. Gíslason, 23. september.
- Fundur Jafnréttisráðs. Kynning á jafnréttisvog. Ingunn H. Bjarnadóttir og Katrín Björg Ríkarðsdóttir jafnréttisráðgjafi Akureyrarbæjar, 8. október.
- Fundur í verkefnisstjórn *Modern Men in Enlarged Europe* í Vilnius. Fyrirlesturinn “Main currents in gender relations.” Ingólfur V. Gíslason, 11. október.
- Málþing Jafnréttisráðs um jafnréttisáætlanir. Erindi um gerð jafnréttisáætlana. Ingunn H. Bjarnadóttir, 28. október.
- Fundur hreyfingarinnar Lifandi landbúnaður. Fyrirlestur um skipan jafnréttismála á Íslandi og þróun undanfarinna áratuga. Ingólfur V. Gíslason, 17. nóvember.
- Fundur forstöðumanna ríkisstofanna í félagsmálaráðuneytinu. Erindi um jafnréttismál og ríkisstofnanir. Ingunn H. Bjarnadóttir og Margrét María Sigurðardóttir, 19. nóvember.
- Gender, Environment and Social Development in the West Nordic Countries and Arctic Areas. Ráðstefna á Akureyri. Erindi um verkefnið *Konur fara, karlar eru um kyrrt*. Ingólfur V. Gíslason, 13. – 14. nóvember.
- Starfsmannafundur í umhverfissráðuneytinu. Erindi um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða. Silja Bára Ómarsdóttir, 14. desember.

Fundir, ráðstefnur og námskeið á vegum annarra

Á árinu voru haldnir ýmsir fundir, námskeið og ráðstefnur á sviði jafnréttismála og málefna kynjanna. Vegna tíma- og fjármagnsskorts var aðeins hægt að sækja hluta af því sem til boða stóð. Starfsfólk Jafnréttisstofu sótti m.a. eftirtaldar ráðstefnur, málstofur og námskeið:

- Námskeið um kynferði og fjölmenningu. Leiðbeinandi Cornelia Muth frá Þýskalandi, 24.-25. janúar.
- Málþing um jafnréttismál í Háskóla Íslands. Kynntar niðurstöður viðhorfskönnunar á jafnrétti í íslensku samfélagi, 30. janúar.

- Ráðstefna um karlarannsóknir í Háskóla Íslands. Ráðstefna á vegum Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, 5.-6. mars.
- *Hvar er jafnréttið?* Málþing á vegum forsætisráðuneytisins í samstarfi við ýmsa aðila í tilefni aldarafmælis heimastjórnarinnar, 17. mars.
- Námskeið á vegum Evrópuverkefnisins GECel um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða, 24.-27. maí.
- *Völd til kvenna*. Ráðstefna á Bifröst, 2.-3. júní.
- *Innblástur, ihlutun, irringar*. Ráðstefna norrænna kvannahreyfinga haldin í Reykjavík, 10.-12. júní.
- *Konur, völd og lögin*. Málþing í Háskóla Íslands haldið á vegum Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum og Lagadeildar Háskóla Íslands, 27. ágúst.
- Norrænn jafnréttisráðherrafundur á Íslandi, 23. september.
- Baltneskur ráðherrafundur á Íslandi, 24. september.
- *Norrænt jafnréttissamstarf í 30 ár 1974-2004*, hátíðarfundur í Borgarleikhúsinu, 24. september.
- Námskeiðið *Kynleg hegðun*. Endurmenntunarstofnun HÍ, 4.-5. október.
- Ráðstefna um konur og atvinnurekstur á vegum Evrópuverkefnis um eignarhald kvenna í atvinnurekstri og landbúnaði, 28.-29. október.

Ráðstefnur og fundir erlendis

Starfsfólk Jafnréttisstofu á sæti í fjölda nefnda og vinnuhópa erlendis og hefur sótt ráðstefnur, fundi og málþing í því sambandi. Stofunni berast mörg boð um þátttöku í áhugaverðum ráðstefnum og námskeiðum erlendis, en sökum tíma og fjármagnsskorts er aðeins hægt að þiggja brot af þeim boðum.

- Námskeið um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða, í boði Evrópuverkefnisins GECel/Reykjavíkurborgar haldið í Vín í Austurríki, 8.-9. janúar.
- Námskeið í Tallinn um samþættingu í boði Evrópuverkefnisins GECel/Reykjavíkurborgar, 26.-30. mars.
- Málþing um ofbeldi gegn konum haldið á Nuuk á Grænlandi í apríl.
- Ráðstefna í boði Evrópuverkefnisins GECel/Reykjavíkurborgar í Berlín, 17.-21. júní.
- Nordic Forum fundur í Turku í Finnlandi, 12.-13. ágúst.
- Stjórnarfundur hjá NIKK í Osló, 2.-3. september.
- Ráðstefna í Osló: Kjönn i media, 9.-10. september.
- Fundur í verkefnisstjórn Evrópuverkefnisins *Modern Men in Enlarged Europe* í Vilnius, Litháen, 11. október.
- Fundur í norrænum vinnuhóp um Gender Budgeting, Kaupmannahöfn, 23. nóvember.
- Fundur jafnréttisnefndar Evrópuráðsins í Strassbourg, 24.-26. nóvember.
- Fundur í verkefnisstjórn Evrópuverkefnisins *Sport, Media and Stereotypes* í Vínarborg, Austurríki, 10.-12. desember.

Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna

Regluleg samskipti eru á milli Jafnréttisstofu og jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna. Fulltrúar Jafnréttisstofu sækja, þegar mögulegt er, reglulega samráðsfundi jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna. Á fyrri hluta árs beindist samstarfið einkum að gerð framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar, en á seinni hluta ársins fór nokkur tími í að ræða innleiðingu samþættingar í daglegri starfsemi ráðuneytanna.

Norrænt samstarf

ÄK-JÄM – Embættismannanefnd um jafnréttismál

Á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar starfar embættismannanefnd um jafnréttismál. Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, ásamt Margréti Maríu Sigurðardóttur sinntu formennsku í nefndinni árið 2004 fyrir Íslands hönd. Í samstarfsáætlun Norðurlandanna fyrir árin 2001-2005 er áherslan lögð á kynjaða hagstjórn, karla og jafnrétti ásamt aðgerðum gegn kynbundnu ofbeldi og eru starfandi vinnuhópar um þessi málefni. Undir formennsku Íslands var einnig gerð rannsókn á fæðingar- og foreldraorlofsmálum á Norðurlöndum, sérstök ráðstefna var haldin með megináherslu á Vestur Norðurlönd og svæðin þar umkring. Einnig var farið af stað með nýtt jafnlaunaverkefni sem heitir *Mælistikur á launajafnrétti*. Dr. Lilja Mósesdóttir leiðir það verkefni. Samstarfsáætlunina má nálgast á eftirfarandi slóð: <http://www.norden.org/gender/n-jam-arb/is/samprog.asp?lang=5>

Gender.norden.org - Vefsvæði um jafnrétti kynjanna

Norræna ráðherranefndin heldur úti vefsvæði um jafnrétti kynjanna. Markmið vefsvæðisins er að miðla upplýsingum um hvernig unnið er að því að jafna hlut kynjanna á Norðurlöndum. Því er ætlað að vera upplýsingaveita um aðgerðir stjórnvalda á þessu sviði ásamt því að birta hagtölur, lög, lagabreytingar, nýjungar, greinargerðir, verkefni og skoðanir. Þórdís Gísladóttir var ritstjóri síðunnar á formennskuári Íslands innan Norrænu ráðherranefndarinnar. Silja Bára Ómarsdóttir var tengiliður Jafnréttisstofu við vefinn. Vefsvæðið má finna á slóðinni: <http://gender.norden.org>

Nefnd um karla og jafnréttismál

Á vegum norrænu embættismannanefndarinnar um jafnrétti er starfandi vinnuhópur sem einbeitt sér að þeim þætti samnorrænu jafnréttisáætlunarinnar sem snýr að körlum. Nefndin fundaði tvisvar á árinu og hefur aðallega unnið að því að skipuleggja málþing í hverju hinna norrænu landa um málefni sem tengjast körlum og jafnrétti kynja. Ingólfur V. Gíslason hefur setið í þessari nefnd af Íslands hálfu.

Jafnlaunanefnd

Árið 2000 ákváðu samvinnuráðherrar Norðurlanda að halda áfram fyrri vinnu að því að jafna laun karla og kvenna á Norðurlöndum. Þeim var ljóst að nauðsynlegt væri að koma á fót samvinnu milli þeirra sem tengjast

vinnumarkaðnum og hinna sem vinna að jafnréttismálum. Þess vegna var settur á fót vinnuhópur þar sem bæði sviðin áttu fulltrúa nema hvað Ísland lét nægja að hafa einn fulltrúa. Samkvæmt umboði hópsins átti hann að leggja fram yfirlit yfir stöðuna á Norðurlöndum hvað varðar laun kynjanna og leggja fram tillögu að samvinnuverkefni sem beindist að því að gera hugmyndina um jöfn laun fyrir sambærileg og jafn verðmæt störf að raunveruleika. Hópurinn var settur á laggirnar í byrjun árs 2002. Ingólfur V. Gíslason var fulltrúi Íslands í hópnunum árið 2004. Hópurinn skilaði skýrslu og tillögum á árinu. Þær þóttu hins vegar of umfangsmiklar og dýrar og fékk hópurinn því það verkefni að skera niður og leggja fram aðrar hugmyndir. Standa vonir til að verkefninu ljúki árið 2005.

Nefnd um kynjaða hagstjórn

Fulltrúar frá jafnréttis- og fjármálaráðuneytum Norðurlandanna sitja í nefnd um kynjaða hagstjórn (sambættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í fjárlagavinnu). Verkefni hópsins er að skoða dreifingu á fjármagni með hliðsjón af kynferði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála en hingað til hefur lítið verið vitað hvernig fjármagnið dreifist með tilliti til kynja. Árið 2004 tók Silja Bára Ómarsdóttir sæti í þessari nefnd fyrir hönd Jafnréttisstofu, og stofnaður var íslenskur vinnuhópur til að sinna verkefninu, sem beinast mun að dreifingu útgjalda til öryrkja á Íslandi. Í íslenska vinnuhópnum eiga einnig sæti fulltrúar fjármálaráðuneytis og Tryggingastofnunar ríkisins.

NIKK – Norræna rannsóknastofnunin í kvenna- og kynjafræðum

Kristján Jósteynsson sat sem varamaður í stjórn Norrænu rannsóknastofnunarinnar í kvenna- og kynjafræðum árið 2004. Aðalmaður í stjórn er Dagný Kristjánsdóttir frá Rannsóknastofnun í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands. Nánari upplýsingar um NIKK má finna á eftirfarandi slóð: <http://www.nikk.uio.no/>

Samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna

Nefnd um jafnréttismál

Á árinu var gerð ný samstarfsáætlun Norðurlanda og Eystrasaltslanda, sem nær til árana 2004-2006. Starfandi er nefnd um jafnréttismál og er meginmarkmið hennar að styrkja og stuðla að samstarfi þeirra opinberu stofnana sem fara með jafnréttismál á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum, tryggja jafnan rétt og tækifæri fyrir konur og karla á öllum sviðum samfélagsins og stuðla að frekara samstarfi við Evrópusambandið. Margrét María Sigurðardóttir átti sæti í nefndinni árið 2004.

Evrópskt samstarf

Jafnréttisnefnd Evrópuráðsins

Á vegum Evrópuráðsins er starfandi stjórnarnefnd um jafnréttismál, CDEG. Kristján Jósteinsson sérfræðingur á Jafnréttisstofu var fulltrúi Íslands í nefndinni, en Silja Bára Ómarsdóttir tók við af honum í lok árs 2004. Nánari upplýsingar um nefndina má finna á eftirfarandi slóð: <http://humanrights.coe.int/equality/Eng/EqualityCommittee/EqualityCommittee.htm>

Ráðgjafarnefnd ESB um jafnréttismál

Ráðgjafarnefnd Evrópusambandsins um jafnréttismál mótar stefnu sambandsins í þessum málaflokkum og gerir framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna. Margrét María Sigurðardóttir var fulltrúi ráðgjafarnefndinni árið 2004 ásamt fulltrúa frá félagsmálaráðuneytinu.

Framkvæmdanefnd ESB um jafnréttismál

Framkvæmdanefnd Evrópusambandsins um jafnréttismál starfar eftir framkvæmdaáætlun ráðgjafarnefndar ESB um jafnréttismál. Ingunn H. Bjarnadóttir sat í nefndinni árið 2004. Nefndin veitir árlega styrki til jafnréttisverkefna. Meðal verkefna sem hlotið hafa styrk úr áætluninni er verkefnið *Sports, Media and Stereotypes* sem sagt er frá annars staðar í ársskýrslunni. Nánari upplýsingar um framkvæmdanefndina er að finna á eftirfarandi slóð:

http://europa.eu.int/comm/employment_social/equ_opp/index_en.htm

EFTA vinnuhópur um jafnréttis- og fjölskyldumál

Vinnuhópur EFTA um jafnréttis- og fjölskyldumál fjallar um tillögur Evrópusambandsins að tilskipunum og leiðbeinandi reglum á sviði jafnréttismála og fjölskyldumála. Félagsmálaráðuneytið á fulltrúa í vinnuhópnum og fulltrúi frá Jafnréttisstofu sækir fundi þegar unnt er.

Daphne verkefnaáætlun ESB

Árlega eru veittir styrkir úr Daphne verkefnaáætlun Evrópusambandsins til verkefna sem ætlað er að vinna gegn ofbeldi á börnum, ungmennum og konum (*Programme of Community Action on Preventive Measures to fight Violence against Children, Young People and Women*). Jafnréttisstofa og Barnaverndarstofa hafa umsjón með áætluninni hér á landi. Kristján Jósteinsson sérfræðingur á Jafnréttisstofu átti sæti í verkefnisnefnd Daphne árið 2004. Nánari upplýsingar um áætlunina er að finna á eftirfarandi slóð: http://europa.eu.int/comm/justice_home/funding/daphne/funding_daphne_en.htm

Jafnréttisráð

Í ráðinu eiga eftirtaldir sæti:

Fanný Gunnarsdóttir, tilnefnd af félagsmálaráðherra, formaður
Guðni Elísson, tilnefndur af Háskóla Íslands
Gústaf Adolf Skúlason, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins
Ísleifur Tómasson, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands
Kristín Þorsteinsdóttir, tilnefnd af Kvenfélagasambandi Íslands
Anna Kristinsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga (tók við af Steinunni Valdísi Óskarsdóttur)
Þorbjörg Inga Jónsdóttir, tilnefnd af Kvenréttindafélagi Íslands
Þórveig Þórmóðsdóttir, tilnefnd af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja
Þórhallur Vilhjálmsson, tilnefndur af fjármálaráðuneyti, varaformaður

Gott samstarf var milli Jafnréttisstofu og Jafnréttisráðs þrátt fyrir að engin formleg tengsl séu milli þessara stofnanna samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Samkvæmt samstarfssamningi ráðsins og stofunnar leggur Jafnréttisstofa ráðinu til aðstoð sem samsvarar hálfu starfi.

Kærunefnd jafnréttismála

Engin formleg tengsl eru á milli Jafnréttisstofu og kærunefndar Jafnréttismála. Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er það þó í verkahring Jafnréttisstofu að leiðbeina og aðstoða einstaklinga sem telja á sér brotið við að útbúa kærur til kærunefndar. Stofan heldur einnig utan um málalyktir og fylgir málum eftir óski kærandi þess. Á árinu 2004 bárust kærunefndinni 16 kærur. Álit nefndarinnar má nálgast á eftirfarandi slóð:

<http://www.rettarheimild.is/Felagsmala/KaerunefndJafnrettismala>